

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
2.000 lítra og minni	8.202
2.001 – 4.000 lítra	9.491
4.001 – 6.000 lítra	11.312

Fyrir rotþrær stærri en 6.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 6.790 á rúmmetra við losun.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 57.014 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 344 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 130,2 í desember 2016.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1279/2015.

Borgarnesi, 12. desember 2016.

Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2017